

Umhverfisstofnun
Áb. ST, KG, SIBS
21. júní 2011
891
Tilv. U8/20110400142



Carbon Recycling International
Andri Ottesen
Borgartúni 27
105 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 16. júní 2011
Tilv.: UMH11040052/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 11. apríl sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæði um brennara í starfsleyfi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar.

Í umsögn stofnunarinnar frá 18. f.m. kemur fram að fyrirtækið hafi lagt fram greinargerð þar sem gerð sé grein fyrir aðdraganda beiðninnar, en ný hönnun hafi komið fram á vegum rekstraraðila varðandi gashreinsikerfi sem felist í að vothreinsun sé á útblæstri. Fram kemur í umsögninni að við venjulegar aðstæður myndi tæknibreyting af þessu tagi mögulega kalla á nýja umsókn um starfsleyfi en að Umhverfisstofnun líti til þess að starfsleyfið sé veitt til stutts tíma. Þá sé jafnframt rökstutt í greinargerð fyrirtækisins að tilgreind mörk í starfsleyfi á VOC-efnum í útblæstri komi til með að halda þrátt fyrir að ekki sé notaður brennari. Samkvæmt þeim gögnum sem rekstraraðili hafi lagt fram séu yfirgnæfandi líkur á því, að mati Umhverfisstofnunar, að affallið valdi ekki skaðlegum áhrifum á umhverfið á starfstíma verksmiðjunnar. Stofnunin meti gögnin trúverðug og leggist ekki gegn því að ráðuneytið veiti umbeðna undanþágu.

Að fenginni framangreindri umsögn og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir ráðuneytið hér með undanþágu frá ákvæði um brennara í starfsleyfi fyrir rekstur fyrirtækisins Carbon Recycling International ehf. í Svartsengi, Grindavíkurbæ. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:


1. Rekstraraðili skal vinna samkvæmt því verklagi sem hann hefur lýst fyrir Umhverfisstofnun.
2. Aðstaða verði til að mæla styrk efna í útblæstri eftir vothreinsun.
3. Mæla skal styrk VOC-efna í útblæstri eigi síðar en 4 mánuðum eftir að verksmiðjan hefur hafið rekstur og niðurstöðum mælinga skal skila til Umhverfisstofnunar innan mánaðar.
4. Mæla skal styrk efna í affalli sem sent er til borholu SV-01 eigi síðar en 4 mánuðum eftir að verksmiðjan hefur hafið rekstur, sbr. töflu í framangreindri greinargerð

Carbon Recycling International ehf. og niðurstöðum mælinga skal skila til Umhverfisstofnunar innan mánaðar.

5. Tíðni og umfang frekari mælinga skal vera í samráði við Umhverfisstofnun. Undanþágan gildir á gildistíma starfsleyfis fyrir tilraunavinnslu en eigi lengur en til 1. janúar 2014.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun